



Farskólinn

miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

ÁRSSKÝRSLA 2019



Apríl 2020.
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.
Bryndís Kristín Þráinsdóttir.

Ljósmynd á forsíðu:
Ljósmynd á forsíðu er tekin við útskrift af leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré 4. júní 2020.
Ljósmynd: Farskólinn.

Efnisyfirlit

1. Um Farskólann	4
Stofnun og stofnaðilar.....	4
Stjórn og varastjórn	5
Gildi Farskólans.....	6
Mannauður	6
Leiðbeinendur og verktakar í kennslu	7
2. Fjárframlög 2019.....	8
3. Um fræðslustarfið í tölum	10
Námskeið	10
Kennslu- og nemendastundir	12
Námsmenn.....	13
Námsmaður Farskólans valinn fyrirmynd í námi fullorðinna 2019	14
4. Fræðslustarfið	16
Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	16
Starfstengd námskeið – persónuleg færni	19
Íslenska fyrir útlendinga.....	20
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra	21
Námskeið í samstarfi við stéttarfélögin - tómstundir.....	22
5. Náms- og starfsráðgjöf.....	24
6. Raunfærnimat	28
7. Háskólanám.....	29
8. Nýsköpun – skiptir máli	31
9. Gæðastarf.....	32
EQM+	32
Viðurkenning til að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára	33
10. Önnur verkefni og samstarf	34
11. Húsnæði og búnaður	36
12. Starfið framundan.....	37
13. Lokaorð	39
Fylgiskjöl.....	41

1. Um Farskólann

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Starfsár Farskólans eru því orðin 28. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, HSN Sauðárkróki, Fisk Seafood ehf., Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrutafirði í vestri og til miðs Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.106 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Sjá mynd 1. Íbúar á Norðurlandi vestra voru rúmlega 7.200 þann 1. janúar 2019. Hlutfall erlendra ríkisborgara í landshlutanum var 8,5% samkvæmt frétt á vef Þjóðskrár Íslands, 21. janúar 2020.



Mynd 1. Myndin sýnir starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá sitja fimm aðalmenn í stjórn Farskólans og er hún kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kosin á aðalfundi Farskólans 29. maí 2019. Formaður stjórnar er Guðmundur Finnbogason frá stéttarfélaginu Samstöðu. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Stjórn Farskólans 2019.

Stofnun / samtök	Aðalfulltrúar	Varafulltrúar
Stéttarfélög - Samstaða	Guðmundur Finnbogason	Þórarinn Sverrisson
Fyrirtæki og stofnanir - HSN	Bryndís Lilja Hallsdóttir	Hulda Jónsdóttir
Sveitarfélög – Húnaþing vestra	Rakel Runólfsdóttir	Halldór G. Ólafsson
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Ingileif Oddsdóttir	Þorkell Þorsteinsson
Háskólinn á Hólum	Erla Björk Örnólfsdóttir	Hjördís Gísladóttir

Árið 2019 voru haldnir þrjú formlegir stjórnarfundir. Auk þess var aðalfundur haldinn 29. maí og vorkundur Farskólans, sem var stefnumótunarfundur samkvæmt skipulagsskrá, var haldinn 24. júní í fjarnámsstofunni að Höfðabraut 6 á Hvammstanga. Á vorkundinum voru gildi Farskólans: **framsækni, virðing og sveigjanleiki** til umfjöllunar ásamt því að farið var yfir helstu verkefni nýliðsins skólaárs og verkefni og áherslur skólaárið 2019 – 2020.



Stjórn. Frá jólafundi stjórnar Farskólans 2019. Frá vinstri: Þorkell Þorsteinsson, Bryndís Þráinsdóttir, Guðmundur Finnbogason, Rakel Runólfsdóttir og Bryndís Lilja Hallsdóttir. Á myndina vantar Erlu Björk Örnólfsdóttur sem komst ekki á fundinn. Ljósmynd: Farskólinn.

GILDI FARSKÓLANS

Á vofundi Farskólans 24. júní 2019 voru gildi Farskólans skoðuð og rædd ítarlega. Gildin eru: Framsækni, virðing og sveigjanleiki.

Framsækni: Farskólinn er framsækin miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sem leggur áherslu á fagmennsku á öllum sviðum. Fagmennskan byggir meðal annars á námskrám, áætlunum og gæðaviðmiðum sem Farskólinn hefur sett sér. Farskólinn vill vera í fremstu röð þegar kemur að framförum og nýjungum.

Virðing: Í Farskólanum mætum við hverjum námsmanni þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum: jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Í Farskólanum er borin virðing fyrir starfsfólki og námsmönnum og þeim eru boðnar góðar aðstæður til vinnu og náms. Við virðum umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

Sveigjanleiki: Farskólinn er fljótur að bregðast við þörfum sem koma fram í samfélaginu fyrir nám og þjálfun.

MANNAUÐUR

Hjá Farskólanum starfa fimm fastir starfsmenn í tæplega fimm stöðugildum. Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, var í barneignarleyfi til 1. október og sinnti Aðalheiður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjöf á vorönn. Starfsmenn voru:

- Aðalheiður Reynisdóttir og Sandra Hilmarsdóttir: Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.
- Bryndís Kristín Þráinsdóttir: Framkvæmdastjóri. Fjármál, stjórnun, verkefnastjórn.
- Gígja Símonardóttir: Símsvörun, utanumhald skráninga, Inna, reikningar.
- Halldór B. Gunnlaugsson: Verkefnastjórn; fræðsluáætlanir, háskólanám, kennsla.
- Jóhann Ingólfsson: Verkefnastjórn; íslenskunámskeið, háskólanám, tæknimál, kennsla.

Þrír starfsmenn til viðbótar störfuðu fyrir Farskólann; Margrét Guðmundsóttir frá bókhaldsstofunni KOM. Sunna Dögg Þorsteinsdóttir og Þráinn Svan Gíslason, sáu um að vakta kvöldnámskeið á Faxatorgi á Sauðárkróki og fylgjast með húsnæði og tæknimálum vegna Skype/Zoom útsendinga til námsveranna.



Starfsfólk Farskólans. Frá vinstri í efri röð: Jóhann Ingólfsson, Bryndís Þráinsdóttir, Halldór Gunnlaugsson. Í neðri röð: Gígja Símonardóttir og Sandra Hilmarsdóttir. Ljósmynd: Farskólinn.

Starfsmenn Farskólans sóttu málþing og ráðstefnur sem stóðu til boða á árinu ásamt námskeiðum. Framkvæmdastjóri sótti meðal annars opin námskeið á Menntavísindasviði HÍ um myndlistarkennslu.

LEIÐBEINENDUR OG VERKTAKAR Í KENNSLU

Í gæðahandbók Farskólans segir: „Farskólinn leitast við að ráða leiðbeinendur sem hafa fagmenntun/sérfræðipækkingu og/eða kennsluréttindi á því sviði sem kennt er s.s. ef um réttinda- eða einingabært nám er að ræða. Ef ekki fæst leiðbeinandi með kennsluréttindi eða einstaklingur með fagmenntun til verksins er leitast við að ráða eins hæfan einstakling og mögulegt er. Í öðru námi svo sem eins og á tómstundanámskeiðum er horft meira til sérfræðipækkingar og færni leiðbeinandans ...“.

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans eru nánast allir verktakar. Þeir verktakar sem komu að kennslu innan framhaldsfræðslunnar eða á „leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré“ voru flestir framhaldsskólakennarar. Það sama má segja um leiðbeinendur í námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Leiðbeinendur á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga voru reynslumiklir grunn- og framhaldsskólakennarar.

Verkefnastjórar Farskólans gera verktakasamning við leiðbeinendur á stærri námskeiðum þar sem fram kemur: heiti verkefnis, nafn verktaka, kennitala og bankaupplýsingar, verktakagreiðslur, vísan í gæðamál og hvernig skuli fara með greiðslur til hins opinbera.

2. Fjárframlög 2019

Árið 2019 fékk Farskólinn styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til reksturs og til eflingar háskólanáms að upphæð 32,5 milljónir króna og viðbótarframlag að upphæð rúmlega 3 milljónir króna. Farskólinn fékk framlög úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og til verkefna í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Farskólinn fékk einnig framlög frá Fjölmenn – fullorðinsfræðslu fatlaðra og Rannís, vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2018. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Farskólans árið 2019.

Framlag frá	Verkefni	Styrkuppghæð
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Rekstrarstyrkur, háskólanám.	32.500.000,-
	Viðbótarframlag nýtt til verkefna á sviði ráðgjafar og raunfærnimats.	3.079.918,-
	Íslenska fyrir útlendinga (Rannís).	2.100.000,-
Stofnaðilar	Greitt vildargjald stofnaðila	1.505.600,-
Fræðslusjóður framlög 2019	Vottaðar námsleiðir FA, náms- og starfsráðgjöf.	20.475.000,-
Samtals:		59.660.518,-


Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út í lok ársins 2018 og í kjölfarið var gerður viðauki við samninginn til eins árs. Í eldri samningi sagði meðal annars í 1. grein, um markmið og starfsemi, að Farskólinn mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluáðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir ... miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“ (Úr samningi við mennta og menningarmálaráðuneytið árið 2014).

Framlag frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Farskólans nam 32,5 milljónir króna. Farskólinn fékk viðbótarframlag á haustdögum 2019 upp á rúmar 3 milljónir króna. Það framlag var að mestu leyti nýtt á sviði ráðgjafar og raunfærnimats.

Samkvæmt samningnum í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd (hina fyrri) frá árinu 2008 er gert ráð fyrir einu stöðugildi hjá Farskólanum til að sinna háskólaþjónustu á Norðurlandi vestra. Sá samningur er enn í gildi miðað við framlög 2019.

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir rekstrartölur Farskólans frá árinu 2010 til ársins 2019 og sýnir myndin breytingar á umfangi starfseminnar á tímabilinu. Nánari skýringar eru í ársreikningi fyrir 2019.



Mynd 2. Myndin sýnir rekstrartölur í þúsundum króna árin 2010 – 2019.


Rekstrarafgangur árið 2019 var 9,5 milljónir króna. Stóran hluta hans má rekja til þess að fræðsluverkefni skiluðu góðum rekstrarafgangi. Eins hefur það áhrif að einn starfsmaður var í fæðingarorlofi fyrstu átta mánuði ársins.

3. Um fræðslustarfið í tölum

NÁMSKEIÐ

Í Farskólanum er starfsárinu skipt upp í tvö tímabil; vorönn og haustönn. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast sem tvö námskeið og eru skilgreind sem, fyrri hluti og seinni hluti.

Árið 2019 voru haldin samanlagt 120 námskeið og fyrirlestrar af öllum stærðum og gerðum; allt frá námskeiðum sem stóðu yfir í 300 kennslustundir til námskeiða eða fyrirlestra sem stóðu yfir í rúma klukkustund. Á vorönn voru haldin 62 námskeið og fyrirlestrar og 58 á haustönn. Í viðauka eru öll námskeiðin talin upp ásamt nánari upplýsingum um þau. Námskeiðum fjölgaði um fjórtán á milli ára eða um rúm 13%. Sjá nánar á mynd 3.




Mynd 3. Myndin sýnir fjölda námskeiða og fyrirlestra á hverju ári frá 2010 – 2019.

Námskeiðsflokkar

Námskeið Farskólans 2019 voru, eins og endranær, flokkuð í eftirfarandi fimm flokka:

- Vottaðar námsleiðir FA (framhaldsfræðsla) sem voru fjármagnaðar af Fræðslusjóði.
- Námskeið sem tengdust **störfum** fólks eða voru til að efla persónulega færni þess.
- Íslenskunámskeið sem styrkt voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Rannís).
- Námskeið sem styrkt voru af Fjölmennt og ætluð skjólstæðingum þeirra.
- Tólmstundanámskeið (Gagn og gaman).


Farskólinn leggur mesta áherslu á að bjóða upp á þjónustu og nám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar, til dæmis vottaðar námsleiðir FA og nám sem tengist störfum fólks úti í atvinnulífinu. Starfstengd námskeið voru samtals 67 árið 2019. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd 4.



Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námskeiða/fyrirlestra eftir flokkum frá árinu 2015.

Staðsetning námskeiða eftir sveitarfélögum árið 2019


Flest námskeið voru haldin í sveitarfélaginu Skagafirði eða 71 námskeið. Í Húnaþingi vestra voru haldin 13 námskeið (13 árið 2018) og 12 á Blönduósi (12 árið 2018). Í Húnavatnshreppi voru haldin 3 námskeið. Sjö námskeið voru kennd í gegnum Skype eða Zoom. Má þar nefna „Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrá“ og „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Sjá nánar á mynd 5.



Mynd 5. Myndin sýnir fjölda námskeiða eftir sveitarfélögum árið 2019.

KENNSLU- OG NEMENDASTUNDIR

Árið 2019 voru kennslustundir á námskeiðum og fyrirlestrum **1.917** að tölu (1.899 árið 2018). Hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Árið 2019 voru nemendastundir **21.005** (20.234 árið 2018). Nemendastundum fjölgaði um tæp 3% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá mynd 6 sem sýnir fjölda nemendastunda.




Mynd 6. Fjöldi nemendastunda frá árinu 2010.

NÁMSMENN

Fjöldi námsmanna, kynjaskipting og aldur

Árið 2019 stunduðu **1.557** námsmenn nám (1.335 árið 2018) í Farskólanum. Námsmönnum fjölgaði um tæp 16,7% á milli ára. Konur voru 1.027 (1.079 árið 2018) og karlar voru 530 (255 árið 2018). Karlar voru tæplega 34% af námsmönnum árið 2019 (20% námsmanna árið 2018) og fjölgaði þeim um tæp 80% á milli ára. Sjá mynd 7.



Mynd 7. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá árinu 2010 til ársins 2019.


Skýringin á fjölgun námsmanna má meðal annars rekja til námskeiðs sem haldið var fyrir grunnskólanemendur í Vinnuskóla Skagafjarðar og eins þá fjölgaði þátttakendum á námskeiðum fyrir KS verulega, en stór hluti þeirra voru karlmenn.

Árið 2019 var meðalaldur námsmanna Farskólans **45 ár** (46 ár árið 2018). Flestir námsmenn voru á aldrinum 59 ára (55 ára 2018). Elsti námsmaðurinn var 74 ára (73 ára árið 2018) og sá yngsti var 15 ára (15 ára 2018). Þess ber að geta að þegar aldur þátttakenda var reiknaður út og skoðaður voru 92 þátttakendur úr Vinnuskóla Skagafjarðar ekki taldir með.

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem komu oftar en einu sinni á námskeið þá voru námsmenn eða kennitölur **1023** að tölu (947 árið 2018).

Hvaðan komu námsmenn?

Flestir námsmenn Farskólans komu frá Sauðárkróki eða 658 námsmenn en það eru 45% námsmanna. Frá Varmahlíð komu 104 námsmenn. Frá Blönduósi komu 137 námsmenn og frá Hvammstanga komu 53 námsmenn. Sjá nánar mynd 8 sem sýnir í prósentum í hvaða pósthúsum námsmenn áttu lögheimili.



Mynd 8. Myndin sýnir í hvaða pósthúsum námsmenn Farskólans bjuggu árið 2019.

NÁMSMAÐUR FARSKÓLANS VALINN FYRIRMYND Í NÁMI FULLORÐINNA 2019

Á ársfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í lok nóvember 2019 var Þröstur Heiðar Erlingsson, annar tveggja, sem valinn var fyrirmynd í námi fullorðinna árið 2019.

Árið 2018 skráði Þröstur sig í matarsmiðjuna – Beint frá býli og útskrifaðist af því námskeiði um vorið. Í beinu framhaldi af námskeiðinu tók hann þátt í bændamarkaði á Hofsósi þar sem hann hefur selt sínar vörur sumrin 2018 og 2019. Hann selur einnig vörur sínar í gegnum REKO og til annarra, bæði á Norðurlandi og eins sunnan heiða. Allt lambakjöt sem Þröstur framleiðir selur hann nú sjálfur beint til sinna viðskiptavina auk þess sem hann selur einnig nautakjöt. Hann segir það mikinn kost að vera í beinu persónulegu sambandi við neytendur. Það skipti verulegu máli.



Pröstur Heiðar Erlingsson, bóndi í Birkihlíð, tekur við viðurkenningu sinni á ársfundi FA. Ljósmynd: Farskólinn.

Þeir sem sóttu námskeiðið Beint frá býli voru fullir af hugmyndum varðandi ný námskeið sem myndu koma bændum og öðrum áhugasömum vel. Pröstur var þar engin undantekning. Hann hefur sótt tvö námskeið sem haldin hafa verið í kjölfarið á „Beint frá býli.“ Pröstur tók þátt í námskeiðunum: „Úrbeining á kind“ og „söltun og reyking lambakjöts“ og hann er svo að fara á námskeiðin „úrbeining á folaldi“ og „umhirða dráttarvéla“.

Í frétt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins frá 29. nóvember segir meðal annars:

Á fundinum var Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttur, tilnefnd af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Þrestri Heiðari Erlingssyni, tilnefndur af Farskólanum, Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, veittar viðurkenningar sem fyrirmyndir í námi fullorðinna árið 2019. Viðurkenningin og verðlaunin sem henni fylgja eru veitt einstaklingum hafa breytt stöðu sinni á vinnumarkaði eftir þátttöku í úrræðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Báðar fyrirmyndirnar hafa sýnt góðan námsárangur, frumkvæði, kjark og náð að yfirstíga ýmis konar hindranir. Verðlaunin voru spjaldtölvur í boði Advania auk viðurkenningaskjala og blómvanda frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Á fjölsóttum fundinum sögðu þau Herdís Ósk og Pröstur Heiðar frá sinni reynslu af skóla, les- og skrifblindu og þeim hindrunum sem þau þurftu að hrinda úr vegi til að komast þangað sem þau höfðu stefnt að og dreymt um. Við afhendingu verðlaunanna hylltu fundargestir þau Herdís Ósk og Pröst Heiðar sem standa vel undir nafn sem fyrirmyndir í námi fullorðinna árið 2019.

4. Fræðslustarfið

Árið 2019 gaf Farskólinn út einn námsvísi og nokkra einblöðunga, þar sem námskeið voru auglýst og þjónusta skólans vandlega kynnt. Í námsvísi haustannar 2019 var viðtal við Tjörva Geir Jónsson sem fór í raunfærnimat í pípulögnum á vegum Farskólans. Hann lauk síðar námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“ vorið 2019. Hér er vitnað í viðtalið við Tjörva þar sem hann er meðal annars spurður út í það hvar hann frétti af raunfærnimatinu.



„Ætli ég hafi ekki bara séð auglýsingu í Sjónhorninu frá Farskólanum og ég vissi líka af fólki sem hafði farið í raunfærnimat“, segir Tjörvi. Hann segir að sér hafi gengið vel í raunfærnimatinu. „Ég fékk metnar 37 einingar og allan samningstímann. Námið gekk vel, mun betur en ég þorði að vona. Ég hafði lúmskt gaman að þessu öllu. Þetta námskeið er fínt fyrir svona tossa eins og mig, sem nenntu ekki að læra neitt á sínum tíma“.

Tjörvi Geir Jónsson, Sauðárkróki.

VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Árið 2019 námu framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða **13.260.000 kr.** (12,010 millj. 2018). Inni í þeirri upphæð er aukaframlag vegna námsleiðarinnar „Að lesa og skrifa á íslensku“ sem hófst á Hvammstanga á haustönn, að upphæð 1.050.000 kr. Markmið ársins 2019 náðust hvað varðar nýtingu á fjármagni til kennslu vottaðra námsleiða.

Árið 2019 voru kenndar í Farskólanum átta vottaðar námsleiðir FA. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námsleiðirnar til framhaldsskólalæininga, en þó er það undir hverjum og einum framhaldsskóla komið hvort og hvernig hann metur námið inn í sinn skóla. Af þeim námskeiðum sem kenndar voru, voru **sex** fjármagnaðar af Fræðslusjóði en **tvær** voru fjármagnaðar eftir öðrum leiðum. Önnur af Verkefni vegna sýrlenskra flóttamanna á Blönduósi og hin af SSVN – samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Sjá nánar í töflu 3.

Tafla 3. Taflan sýnir þær vottaðu námsleiðir FA, sem kenndar voru árið 2019.

Námsleiðir FA	Hlutfall *	Hvar haldinar	Athugasemdir
Nám og þjálfun í alm. bókl. gr. (10)	70%	Sauð, Blö, Hva.	Zoom. Lokið v 2019.
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslu- starfsfólk. Þrjú námskeið.	100%	Sauðárkrókur.	Íslendingar, Pólverjar, Búlgarar.
Matarsmiðja – Beint frá býli	50%	Húnavatnssýslur.	Bændur. SSNV fjármagnar.
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf	50%	Sauð., Blö.	Zoom. Lýkur 2020.
Að lesa og skrifa á íslensku	50%	Hvammstangi.	Lýkur í feb 2020
Að lesa og skrifa á íslensku	50%	Blönduós.	Lýkur í feb 2020. Verk- efni um Sýrl. fjárm.

*Þessi dálkur sýnir hversu stór hluti námsleiðarinnar var kenndur árið 2019.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Haustið 2018 hófst tíunda námskeiðið í Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum; ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði. Frá desember 2007 hafa námskeiðin, sem hvert og eitt er 300 kennslustundir að lengd, verið kennd í náinni samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Fjölbrautaskólinn hefur metið námið inn í sinn skóla svo framfarlega sem námsmenn standast kröfur námsins. Margir námsmanna hafa sótt helgarnám í húsasmíði hjá FNV á sama tíma. Þessum hópi hentar vel að geta sótt bóklega námið eftir vinnu á daginn. Þátttakendur taka ekki formleg próf heldur hafa þeir skilað verkefnum, bæði í kennslustundum og með skilum á heimavinnu. Í hvern námsþátt er 80% mætingarskylda og gerð er krafa um virkni í tímum. Stór hluti leiðbeinenda hafa verið kennarar við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Á vorönn 2019 útskrifuðust samtals 15 námsmenn úr Námi og þjálfun. Það ber að nefna að sumir þeirra höfðu lokið einhverjum áföngum fyrr og fengu þá metna inn í námsleiðina. Einhverjir námsmanna fóru í raunfærnimat í húsasmíði og pípulögnum. Námsmenn voru á aldrinum 23 – 52 ára, 4 konur og 11 karlar. Leiðbeinendur voru: Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, Hólmfríður Guðmundsdóttir og Arnfríður Arnardóttir, grunnskólakennarar, Eva Óskarsdóttir og Gísli Árnason, framhaldsskólakennarar. Fræðsluverkefninu lauk formlega þegar búið var að skrifa skýrslu um það, þar sem niðurstöður úr námskeiðsmati voru meðal annars kynntar. Verkefnastjóri var Bryndís Þráinsdóttir.

Matarsmiðja – Beint frá býli

Matarsmiðja – Beint frá býli var kennd á haustönn 2018 og vorönn 2019 í Húnavatnssýslum, eftir öflugt kynningarátak. Leitað var til SSNV um fjármögnun námskeiðsins á mótí þátttakendagjöldum þar sem hópurinn uppfyllti ekki kröfur um markhópinn. Af þessu leiddi að Farskólinn hafði frjálssari hendur með uppbyggingu og áherslur námsins og hægt var að bæta

inn í námið námsþáttum sem fyrri hópur í Matarsmiðjunni hafði rætt um að vantaði. Markmið Farskólans var „að þátttakandi á námskeiðinu væri, að því loknu, búinn að fá í það minnsta kynningu á öllum þáttum sem bóndi/framleiðandi, sem ætlaði sér að fara í einhverskonar fullvinnslu og sölu á framleiðslu sinni þyrfti að vita af og/eða hafa þekkingu á“ (Úr skýrslu vegna Matarsmiðju – Beint frá býli. Halldór Gunnlaugsson, verkefnastjóri).

Helstu námsþættir í Matarsmiðjunni voru: Hreinlætis- og örverufræði, vélar og tæki, hráefnisfræði, úrvinnsla kjöts, ostagerð, næringarfræði, aukaefni í matvælum, gæðahandbók, markaðsmál og fleira. Allar kennslustundir voru teknar upp og höfðu þátttakendur aðgang að fyrirlestrunum á netinu. Helstu leiðbeinendur matarsmiðjunnar voru: Þórhildur Jónsdóttir, matreiðslumeistari og verkefnastjóri Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd og Páll Friðriksson, kjötiðnaðarmeistari og framhaldsskólakennari. Auk þess komu fjölmargir gestafyrirlesarar að smiðjunni.



Frá útskrift námsmanna af „Matarsmiðjunni – Beint frá býli“ vorið 2019. Ljósmynd: Farskólinn.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrú

Nýtt nám á leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrú hófst haustið 2018. Þetta er í annað sinn sem Farskólinn skipuleggur og heldur utan um brúna. Samtals voru þátttakendur 15, allt konur og koma þær frá Austur - Húnavatnssýslu, Sauðárkróki og Varmahlíð.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrúin er samstarfsverkefni Farskólans og SÍMEY, símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Gert er ráð fyrir að námskonur útskrifist vorið 2020. Leiðbeinendur komu frá Akureyri. Leiðbeinendur voru: Kristín Elva Viðarsdóttir, Aníta Jónsdóttir, Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir, Ragnheiður Guðbjörnsdóttir og Anna Lilja Sævarsdóttir. Verkefnastjóri er Jóhann Ingólfsson.



Námskonur á leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabru ásamt leiðbeinana sínum, Anítu Jónsdóttur (lengst til vinstri). Ljósmynd: Farskólinn.

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – PERSÓNULEG FÆRNI

Námskeiðsröð fyrir bændur

Námskeið fyrir bændur á Norðurlandi vestra héldu áfram árið 2019. Námskeið eins og „að þurrka og grafa kjöt“, „heit- og kaldreyking á fiski, kjöti og villibráð“, „hráþylsugerð“, „söltun og reyking“ og fleira. Hugmyndir um efni námskeiðanna koma meðal annars frá bændum sjálfum. Námskeiðin voru flest haldin í Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd. Leiðbeinendur voru: Þórhildur Jónsdóttir, matreiðslumeistari og Páll Friðriksson, kjötiðnaðarmeistari. Samtals sóttu 39 einstaklingar þessi námskeið sem stóðu sum yfir í heilan dag. Námskeiðin voru fyrst og fremst hugsuð með þarfir bænda í huga en þó voru þau opin öllum og auglýst þannig.



Frá námskeiðinu „Hráþylsugerð“ í vörusmiðju BioPol á Skagaströnd haustið 2019. Ljósmynd: Farskólinn.

Bændum á Norðurlandi vestra verður áfram boðið upp á sérsniðin námskeið. Verkefnastjóri er Halldór Gunnlaugsson.

Fræðsluáætlanir – starfstengd námskeið

Farskólinn skipulagði og hélt utan um fræðslu fyrir sveitarfélagið Skagafjörð samkvæmt fræðsluáætlun. Aðsókn á námskeiðin var góð. Námskeiðin tengdust bæði störfum fólks og áhugamálum. Sem dæmi um námskeið má nefna: Námskeið um „að stjórna jafningjum“, „garðrækt“, veðurfarsbreytingar“, „samskipti“, „streitu- og tímastjórnun“, „konfektgerð“ og „meðlæti með öllum mat“. Leiðbeinendur komu víða að.

Fyrir starfsfólk HSN – heilbrigðisstofnun Norðurlands voru haldin nokkur námskeið. Þau helstu voru: „Álag, streita og kulnun“, „byltuvarnir“, „garðrækt“, „Office 365“, „að þjónusta fólk með heilabilun“, „samskiptanámskeið“ og námskeið um „alvarlega geðræna kvilla“. Leiðbeinendur voru sérfræðingar hver á sínu sviði. Verkefnastjóri var Halldór Gunnlaugsson.

Hjá sveitarfélaginu Húnaþingi vestra voru haldin fimm námskeið sem féllu undir fræðsluáætlun. Má þar nefna námskeiðin: „Álag, streita og kulnun“, „skyndihjálpi“ og „kvíði barna og samskipti heimilis og skóla“. Leiðbeinendur voru sérfræðingar á sínu sviði. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

Nokkrir fyrirlestrar voru haldnir fyrir starfsfólk KS í Skagafirði, bæði á vor- og haustönn. Þetta voru stutt en fjölmenn námskeið. Námskeiðin fjölluðu um „brunavarnir“ og „tölvuöryggi“. Samtals voru þetta 21 hópur. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.



Þátttakendur á námskeiðinu „Merking vinnusvæða“. Ljósmynd: Farskólinn.

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Árið 2019 voru haldin sex námskeið í íslensku fyrir útlendinga; á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki. Auk þess voru haldin tvö námskeið fyrir sýrlenska flóttamenn á Hvammstanga og Blönduósi. Sýrlendingarnir sóttu námskeiðið „Að lesa og skrifa á íslensku“

en sú námskrá kemur frá FA og er samtals 120 kennslustundir. Námskeiðið á Hvammstanga var styrkt af FA þar sem hópurinn var kominn út á vinnumarkaðinn en Blönduósbær, fyrir hönd verkefnisins þar, fjármagnaði seinna námskeiðið. Það má því með sanni segja að haldin hafi verið átta íslenskunámskeið hjá Farskólanum árið 2019.

Styrkur Rannís (Mennta- og menningarmálaráðuneytið) vegna námskeiðanna sex nam 2.100.000 kr eða sem nam 350.000 kr á hvert námskeið. Markmið ársins náðust og vel það.



Frá útskrift í íslensku fyrir útlendinga á Hvammstanga vorið 2019. Ljósmynd: Farskólinn.

Í íslenskunáminu var stuðst við námsefnið: „Íslenska fyrir alla“, eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur. Auk þess studdust leiðbeinendur við eigið efni og efni af netinu. Farskólinn á orðið gott safn af ítarefni og spilum fyrir íslenskukennsluna sem leiðbeinendur hafa góðan aðgang að.

Þeir leiðbeinendur sem kenndu á íslenskunámskeiðunum árið 2019 voru allir reynslumiklir og vel menntaðir kennarar. Þeir voru: Sigrún Þórisdóttir, sérkennari og náms- og starfsráðgjafi, Húnaþingi vestra. Sara Níelsdóttir, framhaldsskólakennari, Kristín Einarsdóttir og Kristín Snæland, grunnskólakennarar úr Skagafirði og Hörður Ríkharðsson og Magdalena Berglind Björnsdóttir, grunnskólakennarar á Blönduósi. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Árið 2019 fékk Farskólinn vilyrði fyrir styrk upp á 2 milljónir króna frá Fjölmennt til að skipuleggja og halda utan um námskeið fyrir fólk með fötlun. Greiðslur frá Fjölmennt námu samtals tæpum 1,5 milljónum króna. Fyrir nokkrum árum óskaði Farskólinn eftir því að fá að senda reikning fyrir kostnaði námskeiðanna í stað þess að fá greiðslur inn á reikning, sem síðar þyrfti hugsanlega að endurgreiða. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel.

Í samvinnu við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra voru haldin sjö námskeið árið 2019, öll á Sauðárkróki. Námskeiðin voru: „Þjálfun í vatni“, „zumba“, „tækjaleikfimi“, „smíðar“, „lestur“ og „mósaík“. Leiðbeinendur voru allir sérfræðingar á sínu sviði en þeir voru: Ásta Búadóttir, matreiðslumeistari, Guðrún Tryggvadóttir, B.A. í sálfræði og einkaþjálfari, Atli Óskarsson,

smiður og framhaldsskólakennari, Ingunn Sigurðardóttir, sérkennari, Karl Lúðvíksson, íþróttakennari og Ragnís Hilmarsdóttir, danskennari. Þátttakendur voru samtals 28.



Ljósmyndin er tekin við lok smíðanámskeiðs haustið 2019. Ljósmynd: Farskólinn.

Það er umhugsunarefni hvernig úthlutun til námskeiða fyrir þennan hóp er háttað yfir landið. Úthlutun Fjölmennar til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva árin 2017 – 2019 má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Í töflunni má sjá úthlutanir Fjölmennar til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöð	2017	2018	2019
Austurbrú	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Farskólinn	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Fræðslunetið – símenntun á Suð	15.500.000	15.500.000	15.500.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4.500.000	4.500.000	4.500.000
Símenntunarmiðstöðin á vesturlandi	4.500.000	4.500.000	4.500.000
SÍMEY	16.700.000	16.700.000	16.700.00
Viska í vestmannaeyjum	1.500.000	1.500.000	1.500.000
Þekkingarnet Þingeyinga	1.700.000	1.700.000	1.700.000

Verkefnastjóri árið 2019 var Bryndís Þráinsdóttir.

NÁMSKEIÐ Í SAMSTARFI VIÐ STÉTTARFÉLÖGIN - TÓMSTUNDIR

Árið 2019 voru haldin fjórtán námskeið í samstarfi við stéttarfélagin Ölduna, Samstöðu, Kjöl, SFR og Verslunarmannafélag Skagafjarðar. Námskeiðin voru fjölbreytt að efni og vel sótt. Námskeiðin sem haldin voru voru: „Nytjagarðurinn“, „smáréttir við öll tækifæri“, „listin að breyta hverju sem er“, „konfektgerð“ og „meðlæti með öllum mat“. Ofangreind námskeið tilheyra

tómstundanámskeiðum en Farskólinn telur, að námskeið af þessum toga geti verið gluggi fyrir suma einstaklinga inn í frekara nám. Námskeiðin voru vel auglýst um allt Norðurland vestra. Verkefnastjóri var Halldór Gunnlaugsson.

Námskeið fyrir stéttarfélag 2019

Stéttarfélagin Aldan, Kjölur, Samstaða, Sameykt og Verslunamannafélag Skagafjarðar bjóða félagsmönnum sínum á námskeið (þeim að kostnaðarlausu). Athugið að námskeiðin eru öllum opin og minnum við aðra en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi.







Listin að breyta hverju sem er

Ef þú ert eins og flest fólk hefur þú líklegast gert fælnar tilraunir til að breyta lífi þínu til batnaðar, hvort sem um er að ræða heilsuna, fjárhaginn, samband þitt við makann eða markmið tengd starfinu. Þér hefur líklega verið sagt að viljinn sé allt sem þurfi og að marktækar breytingar hefjist á viljastyrk. Aralangar rannsóknir hafa hins vegar leitt í ljós að viljastyrkurinn er bara einn af mörgum áhrifavöldum og að það eru sex þættir sem hafa áhrif á hegðun okkar og daglegar ákvarðanir.

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.
Verð: 19.900. kr.

Konfektgerð

Margar aðferðir eru notaðar við konfektgerð. Ýmist er það steypit í mót, mótað í kúlur, sett í form og skorið í bita sem eru svo hjúpaðir með súkkulaði, skreyttir með hvíttu súkkulaði og ýmsu skrauti, sem viðkomandi list vel á.

Leiðbeinendur: Hulda Einaradóttir og Helmi Egger Jóhannsson.
Verð: 12.900. kr.

Hvar og hvenær:
Hvammstangi – 29. nóvember kl. 18:00-21:00.
Blönduós – 28. nóvember kl. 18:00-21:00.
Sauðárkrúkur – 27. nóvember kl. 18:00-21:00.

Hluti af auglýsingu vegna stéttarfélagsnámskeiða haustið 2019. Ljósmynd: Farskólinn.

Tómstundanámskeið

Árið 2019 voru haldin 31 (20 námskeið árið 2018) tómstundanámskeið. Tómstundanámskeiðum fjölgaði á milli ára en það skýrist meðal annars af námskeiðum sem haldin voru í samstarfi við stéttarfélagin. Sem dæmi um tómstundanámskeið má nefna matreiðslu- og konfektnámskeiðin. Tómstundanámskeiðin voru meðal annars hluti af fræðsluáætlunum. Leiðbeinendur voru allt sérfræðingar á sínum sviðum.

5. Náms- og starfsráðgjöf

Markmið ársins 2019 í náms- og starfsráðgjöf náðust að fullu. Farskólinn fékk úthlutað 4.040.000 kr. frá Fræðslusjóði til ráðgjafarinnar auk styrks fyrir akstri upp á 135.000 kr en sá styrkur lækkaði verulega frá árinu á undan. Ráðgjafi Farskólans, Sandra Hilmarisdóttir, var í fæðingarorlofi fyrstu átta mánuði ársins. Aðalheiður Reynisdóttir, náms- og starfsráðgjafi, tók að sér ráðgjöf á fyrri hluta ársins í verktöku.

Samtals komu 247 einstaklingar í ráðgjöf árið 2019 (269 árið 2018). Innan markhópsins voru 228 eða 92%. Utan markhópsins voru 19 eða 8%. Tegund viðtala skiptust þannig: Sjá töflu 5:

Tafla 5. Taflan sýnir tegundir viðtala árið 2019 hjá Farskólanum.

Tegundir viðtala	Fjöldi	Fjöldi innan markh.	Fjöldi utan markh.
Ráðgjafaviðtal – fyrsta viðtal	101	91	10
Ráðgjafaviðtal – viðbótarviðtal	44	42	2
Hvatningarviðtal	1	0	1
Hópráðgjöf	100	94	6
Hópráðgjöf (fleiri en 6 í hóp)	1	1	0

Helstu viðfangsefni – úr skýrslu náms- og starfsráðgjafa til FA

Aðalheiður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi sinni ákveðnum verkefnum í verktakavinnu við Farskólann frá áramótum til 1. júlí 2019. Helstu verkefni voru þau að sinna viðtölum og frágangi á þeim eftir þörfum og vinna við ráðgjöf fyrir skimunarviðtöl til undirbúnings fyrir raunfærnimat í verslunarfulltrúa, leikskólaliða- og stuðningsfulltrúa, hestabraut og búfræði og skipuleggja raunfærnimatið með matsmönnum og verkefnastjóra.

Viðtöl náms- og starfsráðgjafa á ofangreindu tímabilinu voru 92 þar af voru 2 hópaviðtöl og flestir ráðþegar hafa leitað þessarar þjónustu að eigin frumkvæði þ.m.t þeir sem fóru í raunfærnimat á vegum Farskólans. Flest viðtölin fóru fram í húsnæði Farskólans á Sauðárkróki en einnig fóru nokkur fram á Húnavöllum og nokkur í gegnum SKYPE.


Árið hófst með áframhaldandi undirbúningi fyrir raunfærnimat í verslunarfulltrúa, en búið var að raunfærnimata hluta þátttakenda í desember 2018. Einnig var haldið áfram með undirbúning fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa og fóru viðtölin fram frá febrúar til apríl. Raunfærnimat í hestamennsku var haldið í byrjun júní á Hólum í Hjaltadal og var það frumraun okkar í Farskólanum og tókst ágætlega. Einn þátttakandi var í undirbúningi fyrir nýtt raunfærnimat landbúnaðarfræðum í samvinnu við Símenntun á Vesturlandi og náði sá undirbúningur yfir langan tíma og raunfærnimatið sjálft verður haldið í janúar 2020.

Þegar Sandra kom aftur til starfa í október voru helstu verkefni hennar heimsóknir á vinnustaði, kynningar og viðtöl.

Tölfræði vegna 2019


Af þeim 247 sem komu í ráðgjöf árið 2019 voru 143 konur og 104 karlar. Konur voru því 58%. Meðalaldur ráðþega var 39,7 ár. Sá elsti var 64 ára og sá yngsti var 19 ára. Flestir voru 52 ára.

Af þeim einstaklingum sem komu í viðtöl árið 2019 voru 61 eða 25% í leit að starfi. Þeir einstaklingar sem voru í starfi voru 113 eða 46%. Sjá nánar á mynd 9.




Mynd 9. Myndin sýnir stöðu ráðþega þegar þeir komu í viðtal til ráðgjafa árið 2019.

Þegar menntun þeirra sem komu í ráðgjöf er skoðuð kemur í ljós að 116 hafa einungis lokið grunnskóla eða 47%. Þeir sem höfðu hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið því voru 98 eða 40%. Sjá mynd 10.



Mynd 10. Myndin sýnir menntunarstöðu ráðþega árið 2019.


Þeir sem komu í ráðgjöf árið 2019 komu af öllu Norðurlandi vestra. Flestir komu úr Skagafirði eða 65%. Af þeim sem komu í ráðgjöf áttu sjö lögheimili utan Norðurlands vestra. Sjá mynd 11.



Mynd 11 Myndin sýnir búsetu/póstnúmer þeirra sem komu í ráðgjöf árið 2019.

Farskólinn í samanburði við aðra fræðsluaðila

Á fundi náms- og starfsráðgjafa þann 28. febrúar 2020 kynnti Guðrún Erla Öfjörð frá FA tölur ársins 2019 í ráðgjöfinni yfir landið allt. Á mynd 14 má sjá tölur Farskólans til samanburðar við aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Sjá mynd 12.



Mynd 12 Myndin sýnir fjölda viðtala á landsvísi árin 2018 og 2019. Tölur birtar með leyfi FA.

6. Raunfærnimat


Farskólinn gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um nokkur verkefni í raunfærnimati árið 2019. Samningurinn hljóðaði upp á **3.175.000 kr** (4.797.250 kr árið 2018). Markmið ársins 2019 náðust. Sjá töflu 6.

Tafla 6. Taflan sýnir verkefni í raunfærnimati árið 2019 samkv. umsókn og fjármagn til hvers verkefnis.

Grein	Fjármagn til verkefnis
lðngreinar í samstarfi við lðuna	308.000 kr
Þjónustugreinar leik- og stuðningsfulltrúar	2.646.000 kr
Gát- og skimunarlistar - hestabraut	221.000 kr

Vorið 2019 var einnig unnið að verkefnum sem styrkur fékkst til og átti að vinna árið 2018. Ekki tókst að uppfylla markmið um raunfærnimat fyrir hestamenn og endurgreiddi Farskólinn Fræðslusjóði 1.160.250 kr vegna þessa verkefnis.

Árið 2019 komu samtals 26 einstaklingar í raunfærnimat hjá Farskólanum fyrir utan þá sem komu í raunfærnimat í samstarfi við lðuna. Þessir einstaklingar fengu samtals metnar 1152 einingar. Sjá skiptingu á milli greina á mynd 13.



Mynd 13 Myndin sýnir fjölda einstaklinga í raunfærnimati eftir greinum.

Konur voru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem komu í raunfærnimat eða 22 og karlar voru 4 að tölu. Meðalaldur þeirra sem komu í raunfærnimat var 41 ár. Elsti einstaklingurinn var 63 ára og sá yngsti var 24 ára.

7. Háskólanám

Frá árinu 2002 hefur Farskólinn veitt háskólum á Íslandi þjónustu í formi aðstöðu fjarnema til náms og prófatökur. Frá þeim tíma hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á fjórum stöðum á Norðurlandi vestra. Í námsverunum hafa háskólanemar ágætis aðstöðu til að stunda nám sitt, ef þeir kjósa svo og þar geta þeir tekið sín próf. Sjá nánar í töflu 7.

Tafla 7. Taflan sýnir staðsetningu námsvera og námsstofa á Norðurlandi vestra og tengiliði.

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra		
Staðir	Umsjónarmenn	Staðsetning
Hvammstangi	Vigdís Lilly Sigurjónsdóttir	Höfðabraut 6
Blönduós	Þórhalla Þórhallsdóttir Katharina Schneider	Blönduskóli Kvennaskólinn
Skagaströnd	Ólafur Bernódusson	Einbúastígur 2
Sauðárkrókur	Halldór Gunnlaugsson Jóhann Ingólfsson	Við Faxatorg

Sveitarfélögin, sjá að mestu leyti um rekstur námsveranna. Á Hvammstanga og Skagaströnd eru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi hefur umsjón með námsverinu á Blönduósi en það er til húsa í Kvennaskólanum. Háskólanemar fá lykla að námsverunum og hafa að þeim aðgang allan ársins hring.




*Þessir háskólanemar voru staðnir að því að skrúfa niður skilrúm til að geta unnið saman verkefni.
Ljósmynd: Farskólinn.*

Flestir háskólanemar í fjarnámi búa í Skagafirði. Árið 2019 voru tekin samtals 443 háskólapróf (451 háskólapróf árið 2018) í námsverunum. Ekki var haldin skráning yfir allar prófatökur á árinu. Sem dæmi um próf sem ekki voru skráð voru svokölluð heimapróf háskólanema sem ekki krefjast yfirsetu. Sjá nánar um háskólaprófin í töflu 8.

Tafla 8. Taflan sýnir fjölda skráðra háskólaprófa sem tekin voru í heimabyggð árið 2019.

Heildarfjöldi háskólaprófa á Norðurlandi vestra 2019					
Háskólar	Sauðárkrókur	Blönduós	Hvammstangi	Skagaströnd	Samtals
HA	196	35	26	13	270
HÍ	14	10	14	4	42
HR	5	11	5		21
Bifröst	17	5	9		31
LBHÍ	34	13	5	4	56
Keilir	14	8	1		23
Hólar			0		0
Samtals	280	82	60	21	443

Frá miðjum apríl og fram til loka maí og frá miðjum nóvember til miðs desember ár hvert koma háskólanemar í námsverin og taka sín próf. Þeir sem ekki teljast fjarnemar þurfa samþykki frá sínum skóla til að taka prófin á heimaslóðum og greiða þeir ekkert gjald fyrir þá þjónustu. Á mynd 14 má sjá heildartölu prófa frá árinu 2016.



Mynd 14. Myndin sýnir heildarfjölda skráðra prófa frá árinu 2016.

Hjá Farskólanum hefur Jóhann Ingólfsson umsjón með prófatökum og er hann aðaltengiliður við háskólana vegna fjarnáms háskólanema. Skipuleggja þarf yfirsetu, sækja prófin inn á örugg rafræn svæði háskólanna, prenta þau út og leggja fyrir nemendur. Að loknum prófum eru úrlausnir skannaðar inn til tímabundinnar varðveislu og síðan eru þær sendar með landpósti til viðkomandi skóla.

Farskólinn starfar eftir ákveðnum reglum og vinnulagi sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar ásamt Háskólanum á Akureyri hafa komið sér saman um, til að tryggja að framkvæmd prófanna sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

8. Nýsköpun – skiptir máli

LearnCom – Breytum byggð

Farskólinn hefur í gegnum tíðina haft frumkvæði að nokkrum fræðsluverkefnum sem flokka má sem nýsköpun. Ber þar fyrst að nefna Evrópuverkefnið Learning Community eða LearnCom sem Anna Kristín Gunnarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Farskólans átti veg og vanda að, en það var þriggja ára tilraunaverkefni sem fékk hæsta styrk sem veittur hafði verið úr Leonardo Da Vinci starfsmenntasjóði Evrópusambandsins, til sambærilegra verkefna á Íslandi. Í verkefninu voru samstarfsaðilar átta og þar af fjórir erlendis. Markmið verkefnisins var að efla íbúa í samfélögum sem áttu undir högg að sækja vegna hnignunar hefðbundinna atvinnuhátta. Á Íslandi var verkefni haldið á Hofsósi þar sem rúmlega 60 manns settust á skólabekk til að læra sjálfsefli, á tölvur, ensku og ferðamálafræði. Verkefnið var síðar valið fyrirmyndarverkefni (best practice) af hópi sérfræðinga, sem gerði úttekt á því.

Í framhaldinu var boðið upp á sambærileg verkefni á Blönduósi, Skagaströnd og Hvammstanga og lauk því síðasta árið 2014.

Bændaröð – námskeið fyrir bændur

Bændaröðin sem Farskólinn hefur boðið upp á undanfrin tvö ár kom í kjölfarið á Matarsmiðjunni – Beint frá býli, sem kennd var árið 2018. Á þeim tíma hafði afurðaverð til bænda lækkað verulega og margir bændur voru farnir að huga að heimavinnslu afurða sinna. Settur var á fót stýrihópur sem í áttu sæti fulltrúar frá Farskólanum, SSNV og leiðbeinendum. Bændur komu sjálfir með margar hugmyndir að fræðslu og það kom í hlut Farskólans að skipuleggja og halda utan um þessi námskeið. Sem dæmi um námskeið má nefna: „Úrbeining á kind“, „úrbeining á folaldi“, „fars-, pylsu- og bjúgnagerð“, „söltun og reyking“, „hrápylsugerð“ og „heit- og kaldreyking á fiski og kjöti“. Námskeiðin hafa verið vel sótt og þau kennd í vottuðu vörueldhúsi BioPol á Skagaströnd.

Þessi námskeið fyrir bændur og aðra áhugasama á Norðurlandi vestra eru gott dæmi um góða hugmynd sem sem fékk byr undir báða vængi og enn sér ekki fyrir endann á ævintýrinu. Nú hefur Farskólinn fengið styrk frá Erasmus+ áætluninni og framundan er ferð til Svíþjóðar þar sem verkefnastjóri og leibeinendur á námskeiðum fyrir bændur ætla að kynna sér nám í skólanum Eldrimner en sá skóli sérhæfir sig í matarhandverki.

Bændur eru ánægðir og þakklátir fyrir framtakið og eru duglegir við að koma með hugmyndir að námskeiðum. Verkefnið sem fór af stað að frumkvæði Farskólans, bænda og samstarfsaðila má með sanni flokka sem nýsköpun innan fullorðinsfræðslunnar til styrktar atvinnulífinu á svæðinu.

9. Gæðastarf

EQM+

Farskólinn fékk formlega gæðavottun EQM (European Quality Mark) við lok ársins 2012 frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Myndin sýnir viðurkenningu EQM sem veitt var 2020. Ljósmynd Farskólinn.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett fram viðbót við vottunarkerkið EQM og bætt við vottun á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Gæðavottunin heitir nú EQM+. Árið 2019 var farið í gegnum alla gæðavísu EQM+. Vinna við að endurskoða gæðahandbók hófst einnig.

Í janúar 2020 kom matsaðili til Farskólans og tók út starfsemi skólans. Helstu niðurstöður úr úttektinni eru:

- Það væri styrkur að því fyrir miðstöðina að formgera betur nokkra þætti gæðamatsins s.s. að fyrir liggi formleg umbótaáætlun og starfsþróunaráætlun til lengri og skemmri tíma.
- Það væri styrkur af því fyrir miðstöðina að ráðgjafi ljúki námi svo fullgild réttindi séu til staðar.

Í kjölfar gæðaúttektarinnar fékk Farskólinn nýja viðurkenningu frá FA til næstu þriggja ára eða til 2023.

Viðurkenning til að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára

Í desember hófst vinna við að endurnýja og safna saman gögnum vegna nýrrar umsóknar til Menntamálastofnunar þar sem fyrri viðurkenning rennur út í mars 2020. Ný viðurkenning var í höfn í lok maí 2020.

Þrátt fyrir að þessi ársskýrsla lýsi starfsári 2019 verður hér gerð grein fyrir helstu athugasemdum frá Menntamálastofnun og Leifi Eysteinessyni í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Frá Menntamálastofnun:

- Umsóknin uppfyllti í öllum meginatriðum þau skilyrði sem krafist er samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Þó er mælt til þess að skýrari ferlar varðandi ágreiningsmál, s.s. milli nemenda og starfsfólks, starfsfólks og stjórnenda og ágreining um námsmat, verði innleiddir í starfsemi skólans.
- Þá er skólanum bent á að birta upplýsingar um innra gæðamat sitt og umbótaáætlanir á heimsíðu sinni þegar því verður við komið.
- Einnig er áréttað að meðfylgjandi viðurkenning nær aðeins til þeirrar starfsemi Farskólans sem snýr að framhaldsfræðslu. Hún nær t.a.m. ekki yfir þá þætti í starfseminni sem kunna að skarast við framhaldsskólastarfsemi.

Fjárhagsumsögn (hluti) frá Leifi Eysteinessyni:

- **Könnun á því hvernig fjárhagslegri ábyrgð er háttáð.**
 - Samkvæmt ársreikningi Farskólans 2019 voru framlög/styrkir 75% tekna árið 2018 og 70% árið 2019, þannig að 25-30% gæti hafa verið aflað með því að veita þjónustu gegn endurgjaldi.
 - Samsetning tekna samkvæmt ársreikningi gefur tilefni til að kanna hvort Farskólinn ætti fremur að starfa á grundvelli laga nr. 33/1999 en á grundvelli laga nr. 19/1988.
- **Könnun á því hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi starfseminnar verður tryggt.**
 - Fyrirliggjandi gögn benda til þess að fjárhagsstaða Farskólans sé mjög sterk, tekjugrunnur breiður, handbært fé nægt og mögulegt að bregðast við óvæntum útgjöldum eða tekjufalli. Rekstur Farskólans virðist vera nokkuð traustur.
- **Könnun á því hvernig fræðsluaðili fjármagnar starfsemi sína og hvort fjárhagslegar forsendur séu fyrir henni.**
 - Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að fjárhagslegar forsendur verði áfram fyrir starfseminni.
- **Könnun á því hvort gerð sé grein fyrir tryggingu fyrir því að nemendur geti lokið námi sínu.**
 - Sterk eiginfjár- og lausafjárstaða, breiður tekjugrunnur, styrkir til starfseminnar og vísbendingar um varfærni í rekstri eru vísbendingar um að nemendur geti verið nokkuð öruggir með að fjárhagsstaða Farskólans miðstöðvar símenntunar hafi ekki áhrif á nám þeirra

10. Önnur verkefni og samstarf

Persónuverndarstefna

Árið 2018 hófst vinna við að móta nýja persónuverndarstefnu fyrir Farskólann. Í lok árs var ákveðið að fara í samstarf við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um verkefnið. Ný persónuverndarstefna var tekin í notkun í lok ársins og birt sem frétt á heimasíðu Farskólans í janúar 2020. Á fyrsta stjórnarfundum nýs árs verður stefnan tekin til umfjöllunar og samþykkt. Bryndís Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson halda utan um verkefnið fyrir hönd Farskólans.


Helstu samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar Farskólans eru Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Á hverju hausti fundar framkvæmdastjóri Farskólans með ráðuneyti mennta- og menningarmála um ársskýrslu og ársreikning ársins á undan. Sá fundur fór fram miðvikudaginn 27. nóvember 2019. Fundinn sátu auk framkvæmdastjóra: Hulda Anna Arnljótsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu framhaldsskóla og fræðslu og Sigurlaug Ýr Gísladóttir, sérfræðingur á skrifstofu fjármála og rekstrar.

Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar eru sveitarfélög á Norðurlandi vestra og SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, en SSNV hefur styrkt nokkur verkefni Farskólans ásamt því að bjóða fram sérfræðiaðstoð og leiðbeinendur. Einnig má nefna Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra en hann hefur veitt Farskólanum ráðgjöf þegar kemur að kennslu almennra bóklegra greina auk þess sem nokkrir kennarar skólans kenna á námskeiðum Farskólans þegar bóklegar greinar eru kenndar.

Kvasir

Farskólinn er aðili að Kvasi - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær net hringinn í kringum landið. Rauðu deplarnir á kortinu sýna hvar höfuðstöðvar miðstöðvanna eru ásamt útstöðvum eða námsverum (sjá bls. 42).



Myndin sýnir staðsetningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis og útstöðvar þeirra.

Í stjórn Kvasis fyrri hluta ársins 2019 voru Guðjónína Sæmundsdóttir, MSS, formaður, Vigdís Ásmundsdóttir, gjaldkeri og Bryndís Þráinsdóttir, ritari. Á aðalfundi Kvasis vorið 2019 var ný

stjórn kosin: Eyjólfur Sturlaugsson, frá Fræðslunetinu, símenntun á Suðurlandi kom nýr inn og var kjörinn formaður. Áfram í stjórn sátu þær Bryndís og Vigdís.

Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk þess sem á vegum Kvasis voru haldnir hefðbundnir vor- og haustfundir. Vorfundur Kvasis var haldinn á Húsavík, þar sem fundarmenn veltu fyrir sér fjórðu iðnbyltingunni og ræddu meðal annars Markviss aðferðafræðina, áskoranir í fjarkennslu og fræðsluáætlanir. Haustfundurinn var haldinn í Vestmannaeyjum og var eingöngu ætlaður forstöðumönnum. Þar fengu fundarmenn kynningu á verkefnum sem verið var að vinna að í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, ásamt kynningu á verkefnum sem FA er að vinna í tengslum við framhaldsfræðsluna. Einnig ræddu fundarmenn íslenskukennslu fyrir útlendinga á breiðum grunni.



Frá vofundri Kvasis á Húsavík. Ljósmynd tekin með leyfi fundargesta. Ljósmynd: Farskólinn.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is.

Leikn

Farskólinn er aðili að Leikn en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Í stjórn Leiknar, starfsárið 2019 – 2020, eru: Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, formaður, Eyjólfur Sturlaugsson, varaformaður, frá Fræðsluneti Suðurlands, Helgi Þorbjörn Svavarsson, gjaldkeri, frá SÍMEY, Guðfinna Harðardóttir, ritari, frá Starfsmennt og Ingibjörg Kristinsdóttir frá Framvegis. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

11. Húsnæði og búnaður

Vorið 2002 flutti Farskólinn skrifstofur sínar úr Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og í húsnæði í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er námsver háskólanema í Skagafirði einnig til húsa.

Námsverin á Norðurlandi vestra eru ágætlega búin tækjum og húsgögnum. Þar geta fjarnemendur á háskólastigi og aðrir námsmenn fundið sér næði til að sækja kennslustundir, hlusta á fyrirlestra og taka próf.

Árið 2019 voru keyptar fimm fartölvur sem ætlaðar eru sem kennslustölvur eða til að nota við fjarfundi. Á Sauðárkróki eru tvær tölvur í sitt hvorri kennslustofunni. Þessar tölvur koma í stað eldri fjarfundabúnaða sem eru orðnir úreltir, ef svo má að orði komast.

FS net og kerfisleiga

FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. FS netið er í öllum námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra og greiða sveitarfélögin kostnað við það samkvæmt samningi. Umsýsla í kringum FS netið er komin yfir til Menntamálastofnunar. Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri í Farskólanum, sinnir ákveðnum verkefnum fyrir Menntamálastofnun í tengslum við FS netið.

Haustið 2015 gerði Farskólinn samning um Microsoft Office 365 um skýjalausnir. Stjórnendagögn er vistuð í kerfisleigu hjá Fjölneti hf. Heimasiða Farskólans, www.farskolinn.is, sem komin er nokkuð til ára sinna, var vistuð hjá Sensa ehf.

Inna - skráningar

Haustið 2017 tók Farskólinn skráningar- og kennslukerfið Innu í notkun. Innleiðingin gekk hægt en örugglega og það fylgdi henni mikil vinna næstu misserin. Inna var tekin í notkun að frumkvæmi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Starfsfólk Farskólans hefur setið námskeið í notkun Innu en mesta vinnan vegna innleiðingarinnar hefur hvíld á herðum þjónustustjóra Farskólans, Gígju Símonardóttur.

Farskólinn skráir nú öll námskeið inn í Innuna. Einnig eru framhaldsskólæiningar skráðar inn í Innuna. Það á við um einingar vegna „Náms og þjálfunar í almennum bóklegum greinum“ og brúarnámið.

12. Starfið framundan

Starfs- og fjárhagsáætlun Farskólans fyrir árið 2020 var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í byrjun ársins 2020. Áætlunin hefur nú þegar tekið breytingum eins og við er að búast á tímum Covid – 19.

Framhaldsfræðsla– markmið 2020


Haustið 2019 sótti Farskólinn um til Fræðslusjóðs, að kenna sjö vottaðar námsleiðir árið 2020 fyrir samtals 16.237.000 kr. Sjá töflu 9.

Tafla 9. Námskrár sem áætlað er að kenna árið 2020 og tímarammi framkvæmdar.

Heiti námskrár	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré (25%)												
Að lesa og skrifa á íslensku (Sýrlendingar Hva) (50%)												
Skrifstofuskólinn (100%)												
Nám og þjálfun í almennum bókl. greinum 11 (50%)												
Leik og stuð 25%												
Beint frá býli 3												
Skref til sjálfshjálpar 100%												


Eftir áramótin barst svar frá Fræðslusjóði um að styrkur vegna kennslu vottaðra námsleiða yrði 11.960.000 kr. Það er því ljóst að ekki verður hægt að kenna allar þær námskrár sem Farskólinn stefndi að.

Farskólinn fékk úthlutað 3.683.000 kr til náms- og starfsráðgjafar. Úthlutanir Fræðslusjóðs til ráðgjafarinnar hafa farið lækkandi. Er það nokkur áhyggjuefni. Sjá mynd 15.



Mynd 15. Myndin sýnir framlög til náms- og starfsráðgjafar í Farskólanum undanfarin fjögur ár.

Framlag til raunfærnimats árið 2020 er 3.802.000 kr. Framlagið hefur verið misjafnt milli ára eins og sjá má á mynd 16.



Mynd 16 Myndin sýnir framlag til raunfærnimats frá árinu 2014

Þau raunfærnimatsverkefni sem stefnt er að árið 2020 eru nokkur verkefni í samstarfi við lðuna og raunfærnimat á mótí leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabru.

Framhald verður á fræðsluverkefnum hjá sveitarfélögunum Skagafirði og Húnaþingi vestra ásamt fræðsluáætlun fyrir HSN. Einnig verður haldið áfram að bjóða bændum upp á fræðslu sem tengist störfum þeirra. Áfram verður boðið upp á tómsundanámskeið í einhverjum mæli, ef eftirspurn verður eftir þeim.


Farskólinn leggur mikla áherslu á sveigjanleika í starfsemi sinni sem birtist meðal annars í því að ef upp koma óskir eða aðstæður í samfélaginu sem kalla á skjót viðbrögð að þá séu starfsmenn vel í stakk búnir til að bregðast fljótt og vel við því.

13. Lokaorð


Í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27 frá 2010 segir í 1. kafla, 2. gr meðal annars að markmið framhaldsfræðslu sé að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju ásamt því að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Með öðrum orðum, hér er verið að lýsa markhópi framhaldsfræðslunnar og námstækifærum sem þeim eiga að standa til boða.

Á vef Byggðastofnunar um stöðugreiningu landshluta 2019, eru birtar upplýsingar um menntunarstöðu markhópsins (25 – 64 ára) á Norðurlandi vestra. Sjá nánar á myndum 17 og 18 sem sýna hlutfallslega skiptingu menntunar kvenna og karla á Norðurlandi vestra miðað við aðra landshluta.

Mynd 17 Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á menntun karla 25 – 64 ára 2018.



Mynd 18 Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á menntun kvenna 25 – 64 ára 2018.



Hér tala myndirnar sínu máli. Þeir karlar sem eingöngu hafa lokið grunnskóla eru 42% af hópnum en yfir landið allt er þessi hópur 24% og þær konur sem eingöngu hafa lokið grunnskóla eru 28% af hópnum, en yfir landið allt eru þær mældar 20%. Á meðan að tölur um menntunarstig karla og kvenna eru eins og þær birtast okkur í dag á Norðurlandi vestra þá er enn nóg verk að vinna fyrir Farskólann á svæðinu.

Að teknu tilliti til hinnar svokölluðu fjórðu iðnbyltingar sem hefur verið í umræðunni og þegar hafin, má gera ráð fyrir miklum breytingum næstu misserum í atvinnulífinu og í skólakerfinu. Því er mikilvægt að vel verði stutt við fullorðins- og framhaldsfræðsluna því gera má ráð fyrir að mestar breytingar á störfum verði hjá svokölluðum markhópi framhaldsfræðslunnar.

Undanfarnar vikur hefur geisað heimsfaraldur, Covid – 19, sem hefur nú þegar haft mikil áhrif á starfsemi Farskólans. Nánast allt fræðslustarf lagðist niður hjá Farskólanum eða var frestað. Þegar þessar línur eru skrifaðar eru þrjú íslenskunámskeið að fara af stað, sem í eðlilegu árferði hefði átt að vera lokið. Á þessum tímamarki er ekki hægt að segja til um það hvort einhver verkefni verði í gangi í júlí, sumarleyfismánuði starfsmanna, í ljósi ástandsins. Það mun tíminn einn leiða í ljós.


Fyrir hönd stjórnar Farskólans, er starfsfólki, samstarfsaðilum skólans og námsmönnum, færðar þakkir fyrir gott samstarf á árinu 2019.

Sauðárkrókur í maí 2020.


Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl


Yfirlit yfir fjölda námsmanna, kennslustunda og nemendastunda frá árinu 2010 til ársins 2019.



Myndin sýnir fjölda þátttakenda frá árinu 2010.



Myndin sýnir fjölda kennslustunda frá árinu 2010.



Myndin sýnir fjölda nemendastunda frá árinu 2010.

Yfirlit yfir námskeið Farskólans árið 2019

Farskólinn - námskeið 2019								
	Heiti námskeiðs Vorönn 2019	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Beint frá býli - Matarsmiðja	Hvt/Blö/S	15	15	60	900	13	2
2	Blönduvirkjun - Líkamsbeiting	Húnavatn	10	10	4,5	45	3	7
3	Blönduvirkjun - Skyndihjálp	Húnavatn	14	14	6	84	5	9
4	Dyravarðanámskeið	Sauðárkr	14	14	20	280	3	11
5	Fjölmennt - Tækjaleikfimi Þreksport	Sauðárkr	6	6	18	108	2	4
6	Fjölmennt - Velliðan í vatni	Sauðárkr	4	4	20	80	3	1
7	Fjölmennt - Zumba	Sauðárkr	9	9	10	90	6	3
8	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk - Búlgarar	Sauðárkr	7	7	72	504	4	3
9	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk - Íslendingar	Sauðárkr	8	8	72	576	3	5
10	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk - Pólverjar	Sauðárkr	20	20	72	1440	11	9
11	HSN - Álag, streita og kulnun	Blönduós	7	7	4,5	31,5	7	0
12	HSN - Álag, streita og kulnun	Sauðárkr	20	20	4,5	90	19	1
13	HSN - Byltuvarnir	Blönduós	6	6	3	18	6	0
14	HSN - Byltuvarnir	Sauðárkr	20	20	3	60	17	3
15	HSN - Garðrækt, garðahönnun, lifandi jarðv	Sauðárkr	6	6	4,5	27	6	0
16	HSN - Office 365 og Delve	SKYPE	5	5	1,5	7,5	4	1
17	HSN - OneNote	SKYPE	9	9	1,5	13,5	7	2
18	HSN - Teams	SKYPE	7	7	1,5	10,5	4	3
19	HSN - Að þjónusta fólk með heilabilun	Blönduós	7	7	4,5	31,5	7	0
20	HSN - Að þjónusta fólk með heilabilun	Sauðárkr	16	16	4,5	72	16	0
21	Húnaþing vestra - Álag, streita og kulnun	Hvamm	13	13	4,5	58,5	12	1
22	Húnaþing vestra - Skyndihjálp - starfsfólk Grunnsk	Hvamm	13	13	6	78	12	1
23	Húnaþing vestra - Skyndihjálp - starfsfólk leiksk	Hvamm	15	15	6	90	14	1
24	Íslenska 1	Sauðárkr	4	4	60	240	3	1
25	Íslenska fyrir útlendinga 2	Sauðárkr	15	15	60	900	10	5
26	Íslenska fyrir útlendinga 2 - 3 - 4	Hvamm	9	9	60	540	7	2
27	KS - Brunavarnir - hópur 1	Sauðárkr	14	14	2,25	31,5	3	11
28	KS - Brunavarnir - hópur 2	Sauðárkr	14	14	2,25	31,5	3	11
29	KS - Brunavarnir - hópur 3	Sauðárkr	11	11	2,25	24,75	4	7
30	KS - Brunavarnir - hópur 4	Sauðárkr	11	11	2,25	24,75	5	6
31	KS - Brunavarnir - hópur 5	Sauðárkr	15	15	2,25	33,75	4	11
32	KS - Brunavarnir - hópur 6	Sauðárkr	15	15	2,25	33,75	4	11
33	KS - Brunavarnir - hópur 7	Sauðárkr	11	11	2,25	24,75	5	6
34	Leikskólalíða- og stuðningsfulltrúabré	Sauð/Blö.	14				14	0
	Proskasálfræði			13	45	585		
	Hegðun og atferlismótun			14	45	630		
	Uppeldisfræði 2			13	45	585		
35	Merking vinnusvæða	Sauðárkr	18	18	24	432	0	18
36	Nám og þjálfun 10	Sa/B/S/Hv	14				4	10
	Enska 1			8	40	320		
	Stærðfræði 2			13	45	585		
	Danska			8	40	320		
	Enska 2			11	40	440		
	Íslenska 2			8	40	320		
37	Skagafjörður - Að stjórna jafningjum	Sauðárkr	21	21	12	252	14	7
38	Skagafjörður - Álag, streita og kulnun	Sauðárkr	14	14	4,5	63	14	0
39	Skagafjörður - Garðahönnun, trjáklipping ...	Sauðárkr	16	16	4,5	72	15	1
40	Skagafjörður - Garðrækt, garðahönnun ...	Sauðárkr	16	16	4,5	72	15	1
41	Skagafjörður - Sigráðu sjálfan þig	Hofsós	33	33	10,5	346,5	30	3

42	Skagafjörður - Veður og veðurfarsbreytingar í Skagaf	Sauðárkr	9	9	4,5	40,5	9	0
43	Skagafjörður - Samskipti á vinnustað - Ársalir	Sauðárkr	44	44	4	176	41	3
44	Skagafjörður - Samskipti á vinnustað - Birkilundur	Varmahlíð	13	13	4	52	13	0
45	Skagafjörður - Samskipti á vinnustað - Iðjan	Sauðárkr	7	7	4	28	7	0
46	Skagafjörður - Samskipti á vinnustað - Skammtíamv	Sauðárkr	7	7	4	28	6	1
47	Skagafjörður - Skyndihjálpi í Glaumbæ	Skagafj	7	7	6	42	6	1
48	Skagafjörður - vinnuskólinn	Sauðárkr						
	Skagafjörður - vinnuskólinn - Skyndihjálpi, námsk. 1	Sauðárkr	10	10	3	30	0	10
	Skagafjörður - vinnuskólinn - Skyndihjálpi, námsk. 2	Sauðárkr	11	11	3	33	3	8
	Skagafjörður - vinnuskólinn - Skyndihjálpi, námsk. 3	Sauðárkr	7	7	3	21	1	6
	Skagafjörður - vinnuskólinn - Réttindi og skyldur	Sauðárkr	31	31	3	93	7	24
	Skagafjörður - vinnuskólinn - Líkamsbeiting við vinnu	Sauðárkr	33	33	3	99	7	26
49	Skjánotkun barna og unglunga...og okkar hinna	Blönduós	10	10	3	30	8	2
50	Skyndihjálpi - Staðarskáli	Hrútafj	7	7	6	42	2	5
51	Sterkari á vinnumarkaði - frá umsókn til atvinnu	Sauðárkr	7	7	9	63	1	6
52	Stéttarfélag - Nytjagarðurinn	Hvamm	16	16	7,5	120	14	2
53	Stéttarfélag - Nytjagarðurinn	Blönduós	10	10	7,5	75	10	0
54	Stéttarfélag - Nytjagarðurinn	Sauðárkr	22	22	7,5	165	22	0
55	Stéttarfélag - Smáréttir við öll tækifæri	Skagastr	14	14	5,25	73,5	14	0
56	Stéttarfélag - Smáréttir við öll tækifæri	Blönduós	15	15	5,25	78,75	15	0
57	Stéttarfélag - Smáréttir við öll tækifæri	Hvamm	15	15	5,25	78,75	15	0
58	Meðal	Sauðárkr	12	12	5,25	63	11	1
59	Stéttarfélag - Smáréttir við öll tækifærihópur 2	Sauðárkr	14	14	5,25	73,5	10	4
60	Stéttarfélag - Veður og veðurfarsbreytingar á NV	Blönduós	12	12	4,5	54	6	6
61	Stéttarfélag - Veður og veðurfarsbreytingar á NV	Sauðárkr	4	4	4,5	18	2	2
62	Viskínámskeið - Æviskeið tunnunnar	Sauðárkr	16	16	4,5	72	1	15
			869	929	1122	13251	569	300

Farskólinn - námskeið á haustönn 2019								
	Heiti námskeiðs á haustönn 2019	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Að lesa og skrifa á íslensku - flóttamenn	Hva	10	10	75	750	5	5
2	Að lesa og skrifa á íslensku - flóttamenn	Blö	8	8	75	600	4	4
3	Blönduvirkjun - Að auka seiglu og stjórna eigin líð	Húnavh	8	8	10,5	84	2	6
4	Bændaröð - Að þurrka og grafa kjöt	Skagastr	8	8	6	48	6	2
5	Bændaröð - Heit- og kaldreyking á fiski, kjöti	Skagastr	8	8	6	48	2	6
6	Bændaröð - Hrápilsugerð	Skagastr	6	6	10,5	63	5	1
7	Bændaröð - Söltun og reyking	Skagastr	7	7	6	42	4	3
8	Bændaröð - Úrbeining á kind	Skagastr	5	5	12	60	4	1
9	Bændaröð - Úrbeining á kind	Skagastr	5	5	12	60	2	3
10	Fjölmennt - Lestur	Sauðárkr	1	1	18	18	1	0
11	Fjölmennt - Mósáik	Sauðárkr	3	3	9	27	3	0
12	Fjölmennt - Smíðanámskeið	Sauðárkr	5	5	18	90	1	4
13	Fjölmennt - Tækjaleikfimi - Þreksport	Sauðárkr	6	6	18	108	2	4
14	HSN - Grundvallaratriði alv geðrænna kvilla	Sauðárkr	13	13	4,5	58,5	13	0
15	HSN - Samskipti á vinnustað	Sauðárkr	6	6	6	36	6	0
16	HSN - Samskipti á vinnustað	Blö	14	14	6	84	12	2
17	HSN - Streitu-, tíma- og orkustjórnun	Sauðárkr	22	22	6	132	22	0
18	Húnaþing vestra - Kvíði barna og samsk heim	Hva	29	29	4,5	130,5	26	3
19	Húnaþing vestra - Skyndihjálpi	Hva	21	21	6	126	17	4
20	Íslenska fyrir útlendinga 1	Sauðárkr	10	10	60	600	8	2
21	Íslenska fyrir útlendinga 1 - Pólverjar og bland	Blö	11	11	60	660	4	7
22	Íslenska fyrir útlendinga 2	Sauðárkr	9	9	60	540	6	3

23	KS - Tölvuöryggi, hópur 1	Sauðárkr	24	24	1	24	6	18
24	KS - Tölvuöryggi, hópur 10	Reykjavík	7	7	1	7	4	3
25	KS - Tölvuöryggi, hópur 11	Reykjavík	11	11	1	11	4	7
26	KS - Tölvuöryggi, hópur 12	Reykjavík	9	9	1	9	2	7
27	KS - Tölvuöryggi, hópur 13	Reykjavík	12	12	1	12	2	10
28	KS - Tölvuöryggi, hópur 14	Reykjavík	3	3	1	3	2	1
29	KS - Tölvuöryggi, hópur 2	Sauðárkr	21	21	1	21	10	11
30	KS - Tölvuöryggi, hópur 3	Sauðárkr	19	19	1	19	3	16
31	KS - Tölvuöryggi, hópur 4	Sauðárkr	25	25	1	25	5	20
32	KS - Tölvuöryggi, hópur 5	Sauðárkr	15	15	1	15	1	14
33	KS - Tölvuöryggi, hópur 6	Sauðárkr	5	5	1	5	3	2
34	KS - Tölvuöryggi, hópur 7	Sauðárkr	9	9	1	9	4	5
35	KS - Tölvuöryggi, hópur 8	Sauðárkr	4	4	1	4	2	2
36	KS - Tölvuöryggi, hópur 9	Sauðárkr	10	10	1	10	3	7
37	Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré	Sauð/Blö.	13			0	13	0
	Barnabókmenntir			12	45	540		
	Fatlanir			11	45	495		
	Leikur sem náms- og þroskaleið			8	45	360		
38	Fræðslud skólanna í Skagaf - Að auka vell í lífi og starfi	Sauðárkr	30	30	4	120	26	4
39	Fræðslud skól í Skagafirði - Álag, streita og kulnun	Sauðárkr	30	30	3	90	26	4
40	Sjóðir - Verkefnastjórnun	Sauðárkr	9	9	6	54	5	4
41	Sjóðir - Að auka seiglu og stjórna eigin líðan	Sauðárkr	10	10	10,5	105	9	1
42	Skagafjörður - Konfektgerð	Sauðárkr	11	11	4,5	49,5	11	0
43	Skagafjörður - OneNote	Sauðárkr	7	7	4,5	31,5	5	2
44	Skagafjörður - Streitu-, tíma- og orkustjórnun	Sauðárkr	9	9	6	54	8	1
45	Skagafjörður - Streitu-, tíma- og orkustj, Ársalir	Sauðárkr	42	42	6	252	40	2
46	Stéttarfélag - Konfektgerð	Sauðárkr	9	9	4,5	40,5	9	0
47	Stéttarfélag - Konfektgerð	Sauðárkr	10	10	4,5	45	10	0
48	Stéttarfélag - Konfektgerð	Blönduós	8	8	4,5	36	8	0
49	Stéttarfélag - Listin að breyta hverju sem er	Sauðárkr	6	6	6	36	6	0
50	Stéttarfélag - Listin að breyta hverju sem er	Hvamm	17	17	6	102	17	0
51	Stéttarfélag - Meðlæti með öllum mat	Sauðárkr	9	9	4,5	40,5	9	0
52	Stéttarfélag - Meðlæti með öllum mat	Blönduós	12	12	4,5	54	12	0
53	Stéttarfélag - Meðlæti með öllum mat	Skagast	12	12	4,5	54	12	0
54	Viskínámskeið - Keisarinn og kaupmennirnir	Sauðárkr	18	18	4,5	81	1	17
55	VMST - Skjólst- Starfsl- og hvatning	Skagast	6	6	22,5	135	4	2
56	VMST - Skjólst- Starfsl- og hvatning	Hvamm	2	2	13,5	27	2	0
57	VMST - Skjólst- Starfsl- og hvatning	Sauðár	9	9	22,5	202,5	4	5
58	VMST - Starfsmenn - Að auka seiglu ...	Skagast	20	20	10,5	210	15	5
			688	706	795	7753,5	458	230

Helstu ráðstefnur og fundir árið 2019

Dagsetning	Erindi	Starfsmenn
22. og 23.. jan.	„Samtal um stefnu ríkisins í landshlutum“.	BP
21. janúar	Kvasir – stjórnarfundur - vinnufundur	BP
22. janúar	Ráðgjafafundur Reykjavík	BP
29. og 30. apríl	Vorfundur Kvasis á Húsavík*	BP.
20. ágúst	Fundur með Rannís (Kvasir) vegna íslenskukennslu	BP.
29. ágúst	Fundur með Rannís vegna íslenskukennslu	BP.
25. – 26. sept.	FA ráðstefna um raunfærnimat í atvinnulífinu	BP
26. sept	Fundur ráðgjafa í Vestmannaeyjum	Jl
2. og 3. okt.	Haustfundur Kvasis Vestmannaeyjum	BP.
8. nóv	Samráðsfundur um íslenskukennslu – Rannís, MMR, MMST.	BP.
27. nóv.	Árlegur fundur um ársreikning og skýrslu með MMR	BP
28. nóv	Ársfundur FA og fundur með fræðslu- og sím. (Kvasi)	BP

*Aðrir starfsmenn sáu sér ekki fært að mæta á fundinn.